



Skýrsla um viðræður við Breta um aðstöðu  
breskra fiskiskipa á Íslandsmiðum 1.-10. október  
1960

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dóms- Heilbrigðis- og – Iðnaðarmálaráðherra – Landhelgisdeilan

***Tekið af vef Borgarskjalasafnsins***

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmalamaðurinn***

Askja 2-25, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skýrsla um viðræður við Breta  
um aðstæðu brezkra fiskiskipa  
á Íslandsmiðum  
1. - 10. október 1960.

Fulltrúar Breta við viðræður þessar voru:

Sir Patrick Reilly, Assistant Under Secretary of State,  
Mr. A. C. Stewart, ambassador Breta í Reykjavík,  
Mr. Basil Engholm, Fisheries Secretary, Ministry of  
Agriculture, Fisheries and Food  
Mr. R.H. Mason, Foreign Office,  
Miss J. Gutteridge, Legal Adviser, Foreign Office,  
Mr. A. Savage, Ministry of Agriculture, Fisheries and Food  
Mr. T.F.S. Hetherington, Scottish Office,  
Mr. R.G.R. Beverton, Scientific Adviser.

Fulltrúar Íslendinga voru:

Hans G. Andersen, ambassador,  
Henrik Sv. Björnsson, ráðuneytisstjóri,  
Gunnlaugur E. Briem, ráðuneytisstjóri,  
Dávid Ólafsson, fiskimálastjóri,  
Jón Jónsson, forstjóri Fiskideildar.

I.

Þegar í upphafi viðræðnanna gerði Íslenska nefndin grein fyrir sjónarmiðum Íslendinga í sambandi við deiluna á þessa leið:

"I think that we can now turn to the substance of our task and I would at the outset like to state the views of the Icelandic Government in this field. These views are undoubtedly familiar to everybody around this table. They have been stated on several occasions in Notes and in Conferences, including the General Assembly

of the United Nations and the two Geneva Conferences on the Law of the Sea, e.g. in the statement by the Foreign Minister of Iceland at the Second Conference on the Law of the Sea of which we have copies available here. I could, of course, read that statement to you, but it would be more convenient for you, I submit, to study it thoroughly from the text itself, because it is a rather long statement which merits mature reflection. I would summarize the position of my Government in this manner:

First, we maintain that Iceland is in the perhaps unique position that its people are overwhelmingly dependent on the coastal fisheries for their livelihood as a nation. This fact is now universally accepted.

Secondly, it has for a long time been the fundamental policy of the Icelandic Government to safeguard the coastal fishery resources. And in that connection it has been emphasized that conservation measures equally applicable to all are not sufficient because the total yield is not sufficient to satisfy all demands. Therefore the Icelandic policy has been and is to secure exclusive fisheries jurisdiction in conformity with international law.

As we know, the International Law Commission already in 1956 drew attention to the special case where the population is overwhelmingly dependent upon fisheries for its livelihood and the Geneva Conference showed a very wide-spread sympathy and support for exceptional rules in such cases.

After the first Geneva Conference failed to produce an agreement on the limits of fisheries jurisdiction, the 12 mile limit was adopted in Icelandic waters on September 1, 1958. These limits have been respected by all our friends except the United Kingdom.

It has been said that at the second Geneva Conference the greatest support was rallied for the six plus six formula with an adjustment period of 10 years - although it did not get the 2/3 majority. Of course it is clear that a great deal of effort was exerted in order to achieve a uniform formula, and that is why many States who had expressed

support for the exceptional case of Iceland did not vote for the exceptions to the general proposal.

Nevertheless, the two proposals tabled by Iceland received great support. The first proposal was to the effect that in exceptional circumstances coastal jurisdiction could be extended beyond the general formula. That proposal was adopted in Committee but not in plenary. The other proposal was to the effect that the period of transition should not apply to exceptional circumstances. That proposal was submitted to the plenary but was not adopted, although there was considerable support for it. Of course no rule regarding fishery limits was adopted at Geneva, but it is clear that although many delegations favoured the 10 year period, many others felt that exceptional circumstances should be recognized.

Indeed, a perusal of the records of the Conference will show that a great many of the delegations felt that the essential thing was to find a universal formula. They did indeed recognize exceptional circumstances where the general formula would not meet the problem. But they expressed the view that a case of that nature could not be dealt with in a world wide agreement. But they did feel very strongly that such cases should be dealt with through special agreements between the countries primarily concerned where the special situation should be fully taken into account. In their view, therefore, the general formula was acceptable on that very assumption. It is in this light that the proper perspective must be studied. In other words, a great many delegations voted for the general formula of six plus six minus six for 10 years with the conviction that it did not cover exceptional cases, i.e. Iceland, where special considerations did apply.

- 0 -

The Icelandic Government's position is that our 12 mile limit is in no way contrary to international law. That distance has been adopted by about 30 nations and for centuries much wider limits applied in Icelandic waters. Also, many of our base lines could be extended in conformity

with the base-lines rules adopted at the first Geneva Conference in Article 4 of the Convention on the Territorial Sea

The Icelandic Althing is unanimously on record to the effect that the 12 mile limit should not be reduced, as was recalled, when it was decided to enter into these discussions.

On the other hand, as was also stated at that time, the Icelandic Government attaches the greatest importance to the prevention of dangerous incidents arising out of the dispute between the two countries and wants to explore fully the possibilities for avoiding further harmful effects on the longstanding friendship of our respective peoples.

As we see it, it is the task of the representatives around this table to explore thoroughly and exhaustively together how the present dilemma can be solved.

I would now like to ask our British colleagues, what kind of solution they would propose".

Þar næst lýstu Bretar sínum sjónarmiðum þannig:

"I should like to say first of all how very glad I am to be in Reykjavík, a capital of which I have heard a great deal but have never before visited.

2. Her Majesty's Government were very glad that the Icelandic Government were able to announce on August 10 their agreement to enter into talks about the dispute between us over the extent of fishery limits off the Icelandic coast. My Government and the whole British people have deeply regretted this dispute between our two countries and they most earnestly desire a settlement which will enable us to return to the friendly and happy relations which we felt, and we hope, you do too, is the natural and proper state of things between us two peoples who have so much in common and who are bound in the defensive alliance of NATO on the unity of which so much depends for the peace of the world. They greatly hope that it will now be possible for our differences to be brought to a settlement satisfactory to both sides as soon as possible. For this reason Mr. Macmillan was most grateful to Mr. Olafur Thors for his suggestion that he should stop at Keflavik on his way to New York and to have the opportunity of an exchange of ideas on this question. I know that he

very much valued this talk with your Prime Minister. I am sure that both sides are equally anxious to see an end of this dispute and given the will I am sure that we shall be able to find a way.

3. Of course the most satisfactory solution to the question of fishery limits, as I am sure you will agree, is that there should be a universally agreed rule of law and that is what we had hoped would emerge from the second Geneva Conference on the Law of the Sea. It proved impossible, by the narrowest possible margin, to reach a solution accepted by the necessary majority and my Government, although disappointed, are very conscious of the need to make some arrangements if we are to avoid chaos in our fishery relations. The compromise proposed put forward at Geneva by the United States and Canadian Government envisaged that after a transitional period of 10 years the countries which had made a practice of fishing within 12 miles of the coast of the countries concerned would thereafter be excluded.

4. As you are aware, the Norwegian Government, shortly after the conclusion of the Geneva Conference, announced their intention of extending their fishery limits to 12 miles. In making this announcement Mr. Halvard Lange observed that this would cause some difficulty for countries who are now fishing up to the present limits. The Norwegian Government agreed to enter into bilateral talks with Her Majesty's Government; these talks have now concluded and the Norwegians have agreed on a 10 year transitional period after which we have agreed to raise no objection to the exclusion of our vessels from the 12 mile area. I mention this to bring to your attention that my Government are not taking their stand on a rigid interpretation of international law as it stands at present, but, on the contrary, are prepared to make important concessions in order to achieve a satisfactory regulation of our fishery relations with our friends and neighbours.

5. My Government also recognizes Iceland's special situation as a country whose economy depends mainly upon its fisheries and it was in recognition of this fact that the Foreign

Secretary, Lord Home, in his message to the Icelandic Foreign Secretary, of the 5th of August, expressed the view that a phasing-out period of 5 years in Icelandic waters would be fair to both sides.

6. Lord Home said in the same communication to Mr. Gudmundsson that Her Majesty's Government were under heavy pressure from the British fishing industry. That remains so and I feel that I would ask you to remember in this connection, that the voluntary ban on fishing within 12 miles which our industry have imposed upon themselves, expires on the 12th of this month.

7. We understand, of course, that just as my Government is under pressure from the British fishing industry, so your Government is also under pressure on this issue. In these talks I very much hope that, as Mr. Macmillan said to your Prime Minister, we shall be able to find a way of helping each other. My Government have already conveyed to your Government an idea of what we should regard as an equitable and satisfactory basis for a settlement.

8. Our starting point as it was in the recent Anglo/Norwegian discussions in the US/Canadian formula to which I have already referred. This seems to us a reasonable compromise between the differing points of view of the coastal states on the one hand and the distant water fishing states on the other. The 10-year transitional period is, as we said at Geneva, all too short a period to enable the distant water fishing industries to make the very considerable adjustments which will be required to enable them to exist under the new conditions. But nevertheless we were prepared to accept this period in order to try and get a solution. Moreover, as I have said earlier, we recognize that Iceland is a "special situation" country and that the US/Canadian formula would for this reason need to be modified in Iceland's favour to take account of this factor. This modification would presumably apply primarily to the length of the transitional period and, as you know, we have suggested that a reasonable period for the transition would be 5 years, which would give Iceland treatment twice as good as that under the US/Canadian formula.

9. It may perhaps be helpful if at this stage I were to state in broad terms the principles which we think should provide the framework within which a settlement acceptable to both our countries could be reached. These principles are:-

- (i) We are prepared to accept immediately that our vessels should be excluded from fishing within 6 miles from the base lines from which the territorial waters are measured. This in itself is a major step forward and would immediately prove to your inshore fishermen a substantial additional area of sea for their fishing activities.
- (ii) We are also prepared to accept that after a reasonable transitional period our vessels should be excluded from fishing within 12 miles. This means that after that period, which, after all, is a very short one in the lifetime of a nation, or even in the lifetime of the fishing industry, your fishermen would have the whole area within 12 miles to themselves.
- (iii) We also recognize that within the 6-12 mile field there might well be areas of particular importance to your inshore net and line fishermen, and we would be perfectly prepared to consider with you whether there are special areas which could be reserved for net and line fishing only, perhaps at special times of the year, in order to avoid collisions between the fishing vessels of our two countries.
- (iv) In addition we recognize that it is very desirable to try and make sure that where our fishing vessels are fishing side by side, the danger of damage to gear should be avoided as far as possible and relations between fishing vessels should be regulated. We are therefore quite ready to agree with you rules of conduct which would govern the relations between our fishing vessels both in the 6-12 mile zone during the transitional period and outside 12 miles indefinitely. This, I am sure, would be a very considerable help in avoiding possible friction.



(v) Finally, we are prepared to recognize that there may be areas both inside the 6-12 mile zone, and indeed outside, which on the scientific principles of conservation should be reserved from trawling and seining. Here again we would be perfectly prepared to sit down and consider with you whether there are such areas and where they are located.

10. The proposal which Lord Home put forward on August 5th of a transitional period of 5 years during which our vessels could be able to continue to fish within the 6-12 mile zone is within the framework of these principles, and we would be prepared to look at this to see whether it requires any modifications on practical grounds in the light of the points I have just made. I would suggest to you that it is essentially a very moderate proposal and it involves very substantial concessions from the ~~xxxxxxxxxx~~ traditionally and strongly held views of my Government on this whole subject. You will forgive me if I remind you that the livelihood of many thousands of ordinary British people is involved in this issue.

11. I believe that if we can look at this problem in a realistic and practical way, there is no reason why ~~wenna~~ should not be able to adjust our differences, as I am glad to say we have already done with Norway. We are anxious to be reasonable, and we are anxious to help, but I am sure you for your part will recognize our problems and difficulties and be ready to discuss this problem with us in the spirit which I have suggested".

Í skýrslu þessari verður leitast við að gefa yfirlit yfir gang málaanna varðandi einstök atriði hvert um sig, en ekki raktar umræður hvers fundar, enda liggja upplýsingar fyrir um þær í fundargerðum.

II.

Samkomulag varð um það á fyrsta fundi, að heppilegust vinnubrögð mundu vera að rannsaka grundvallaratriði varðandi hagsmuni beggja aðila á miðunum umhverfis Ísland og væri hagkvæmast, að undirnefnd sérfræðinga í þeim málum yrði falið að framkvæma þá athugun. Af Breta hálfu voru tilnefndir til þessara starfa þeir Mr. Engholm, Mr. Savage, Mr. Hetherington og Mr. Beverton, en af Íslendinga hálfu þeir Davíð Ólafsson, Gunnlaugur E. Briem og Jón Jónsson. Einnig var ákveðið, að sérstök athugun færi fram á grunnlínunum og hún falin þeim Miss Gutteridge og Hans G. Andersen.

I. Veiðisvæði.

Undirnefndin, sem fjallaði um veiðisvæði, hélt 4 fundi og voru athuguð öll veiðisvæðin umhverfis landið mjög gaumgæfilega, bæði fyrir innan og utan 12 mílna mörkin. Kom strax í ljós, að Bretar töldu, að athugun ætti eánangis að miðast við veiðisvæðin á milli 6 og 12 mílna marka frá ströndinni og að þar þyrfti að finna leið til að samræma hagsmuni beggja. Af Íslands hálfu var það skýrt tekið fram í upphafi viðræðnanna og í þeim öllum, að það væri algert skilyrði fyrir því, að nokkur árangur yrði af viðræðunum, að jafnvægi næðist milli aðila, þannig að í stað þeirra ívilnana, sem Bretar kynnu að fá innan 12 mílna, yrðu þeir fyrir sitt leyti að fallast á atriði, sem Íslendingum væru jafnmikils virði. Í því sambandi væri það grundvallaratriði og ófrávikjanlegt skilyrði, að veiðar Breta á svæðum utan 12 mílna markanna yrðu takmarkaðar, a.m.k. á vissum tímum. Þetta væri aðalatriðið, en til viðbótar yrði að athuga ýms önnur atriði til þess að ná jafnvægi og þá fyrst og fremst breytingar á grunnlínunum, en auk þess ýmislegt annað, sem að gagni gæti komið til þess að ná jafnvægi, t.d. samvinna í efnahagsmálum, tollalækkningar, endurskoðun á löndunarsamningnum o.s.frv. Öll væru þessi atriði þýðingarmikil og gætu orðið mjög gagnlegur liður í heildarlausn, en þau gætu alls ekki komið í stað takmarkana utan 12 mílna svæðisins.

Bretar lögðu mjög mikla áherzlu á, að þeir hefðu hugsað sér að leysa vandamálið að því er snerti svæðin utan 12 mílnanna með samningi um tilhögun veiða á því svæði á sama hátt og samkomulag hefði nú ~~en~~ alveg nýlega náðst varðandi veiðar við Noreg (sbr. fskj.) Er þar um að ræða að ýmsu leyti svipaðar reglur og þær, sem settar voru með Norðursjávar-samningnum frá 1882, en þær voru síðan teknar upp í samninginn frá 1901 milli Breta og Dana varðandi veiðar á hafinu umhverfis Ísland og Færeyjar. Fjalla þær um auðkenningu fiskiskipa og veiðafara, reglur til að fyrirbyggja það, að togveiðar séu stundaðar þar, sem neta- eða línuveiðar fari fram, og loks miklu ákveðnari og betri reglur en áður giltu um meðferð á skaðabótakröfum vegna veiðafaratsjóns.

Af Íslands hálfu var margsinnis á það bent, að slíkur samningur væri að sjálfsögðu gagnlegur, en leysti ekki höfuðvandamálið. Þess vegna teldu Íslendingar miklu eðlilegra og í alla staði heppilegra að tiltekin væru þegar í upphafi viss svæði utan 12 mílna markanna, þar sem brezkir togarar mættu ekki stunda veiðar vegna þess, að þar væri um að ræða athafnasvæði íslenska bátaflotans og frá íslensku sjónarmiði byggðist lausn málsins fyrst og fremst á því. Af Breta hálfu var það margendurtekið, að frá þeirra sjónarmiði gætu slíkar takmarkanir utan 12 mílnanna einungis byggst á tvennskönar förendum, annarsvegar þar sem þær væru nauðsynlegar vegna friðunar fiskistofna, og hinsvegar þar sem um væri að ræða mjög mikinn fjölda <sup>bita</sup> mjög takmörkuðum svæðum. Að þeirra áliti væri tæplega og jafnvel alls ekki um nein slík svæði að ræða utan 12 mílna markanna við Ísland. Á síðasta stigi viðræðnanna voru brezku fulltrúarnir þó farnir að láta í það skína, að e.t.v. gætu komið til greina 1 eða 2 svæði af þessu tagi, en lengra varð þeim ekki þokað í því efni. Að því er snertir svæðið milli 6 og 12 mílna töldu Bretar fyrir sitt leyti, að athugun hefði leitt í ljós, að tiltölulega litlir árekstrar væru milli hagsmuna Íslendinga og þeirra allt frá Bjargtöngum norður og austur um land allt að Ingólfshöfða. Varðandi svæðin þar fyrir vestan væru talsverðir árekstrar, en Bretum virtist, að hægt væri að samræma hagsmunir beggja einnig þar með sanngirni. Íslensku fulltrúarnir töldu,

að athugunin hefði verið mjög gagnleg. Voru þeir sammála því mati, að á svæðinu frá Bjargtöngum að Ingólfshöfða væri ekki um alvarlega hagsmunarárekstra að ræða að því er snerti tíma-  
bil og svæði. Hinsvegar væri öðru máli að gegna um svæðið vestan Ingólfshöfða að Bjargtöngum. Þar væri mjög mikill fjöldi báta að veiðum innan og utan 12 mílna á sama tíma og Bretar vildu stunda veiðar. Það mundi valda óyffirstíganlegum öruggleikum að leyfa Bretum veiðar innan 12 mílnanna á þessu svæði vegna íslensku bátanna. Bretar viðurkenndu öruggleikana, en töldu einu lausnina í þessum vanda vera þá að skipta svæðinu milli 6 og 12 mílna milli aðilanna. Af Íslands hálfu var talið mjög hæpið, að þetta væri framkvæmanlegt. Í þessu sambandi lögðu Bretar mesta áherzlu á svæðið suðvestan Vestmanna-  
eyja. Einnig var í því sambandi minnst á að takmarka hámarks-  
starð brezkra togara á svæðinu, sem Bretar töldu óaðgengilegt, og einnig að takmarka hámarksfjölda togara, sem þeim þótti aðgengilegra.

## 2. Grunnlíubreytingar.

Íslenska nefndin benti þegar í upphafi á, að nauðsyn-  
legt væri að ræða breytingar á grunnlíukerfinu, sem gildi við Ísland. Sjálfir töldu Íslendingar, að viðhorf væru að ýmsu leyti breytt frá því grunnlínu voru ákveðnar 1952. Þá hefði aðeins legið fyrir dómur í máli Norðmanna og Breta, sem margir hefðu haldið fram, að væri einungis miðaður við norsku strönd-  
ina og að ekkert væri hægt að draga af þeim dómi neinar ályktanir um, hvaða reglur settu við annars staðar, þar sem staðnættir og aðstæður allar væru ólíkar. Að vísu hefði ríkisstjórn Íslands verið ósammála þessum fullyrðingum á sínum tíma, en þó ákveðið ýmsar grunnlíur af mikilli varfærni. Hefðu ýmsir gert sér vonir um, að slík vinnubrögð yrðu metin af þeim þjóðum, sem fiskveiðar stunda við Ísland, en ekki hefði þetta þó komið í veg fyrir hefndarráðstafanir af Breta hálfu, sem hefðu getað haft hinar afdrifaríkustu afleiðingar, ef við þá eina hefði verið að skipta. Við þetta bættist svo, að nú lagsi fyrir alþjóðasamningur frá fyrri Genfarráðstefnunni, þar sem settar

væru sérstakar reglur varðandi beinar grunnlínur og hefðu Bretar nú fullgilt þann samning. Væri því nú við fleira að styðjast en Haagdóminn, og teldu íslensk stjórnvöld, að tíma-  
bert væri að endurskoða grunnlínakerfið í heild samkvæmt því, sem nú löggi fyrir. Mundi slík endurskoðun geta leitt til þess, að rétt yrði talið að draga beinar grunnlínur frá grunnlínupunkti nr. 1, Horni, í Ásbúðarrif, þvert yfir Húnaflóa, frá punkti nr. 12 til 16 yfir svæðið sunnan við Langanes, frá nr. 25 (Stokksnesi) til Ingólfshöfða, frá Ingólfshöfða í nr. 30 yfir Meðallandsbugt, frá Geirfuglaskeri nr. 35 í Geirfugladrang nr. 51 og frá nr. 51 til nr. 42 yfir Faxaflóa. Auk þess væri um að ræða, að rétta úr grunnlínunum sín hvoru megin við Grímsey og Hvalsbak. Taldi íslenska nefndin, að endurskoðun á þessum grunnlínunum gæti verið liður í lausn málsins, þannig að báðum aðilum yrði að gagni. Þar væri um mikið hagsmunamál fyrir Íslendinga að ræða, en Bretar gætu fyrir sitt leyti talið, að nýju línurnar væru í samræmi við Genfarsamninginn, sem þeir væru aðilar að, þannig að þeirra fólk gæti ekki haldið því fram, að slakað hefði verið til af Breta hálfu. Þóttu þessar hugmyndir lengi vel mjög fjarstaðukenndar, en um það bil sem viðræðunum lauk taldi formaður brezku nefndarinnar ekki ólíklegt, að Bretar gætu sœtt sig við breytingu á línunni yfir Húnaflóa og svæðinu sunnan Langaness, og að einhvern milliveg væri hægt að hugaa sér varðandi línuna yfir Selvogsgrunn. Lengra varð þessu atriði ekki þokað, a.m.k. ekki að sinni.

### 3. Efnahagsleg samvinna.

Svo sem áður segir sýndu Bretar fullan vilja á því, að hafa efnahagslega samvinna við Íslendinga og var þar sérstaklega rætt um tollalækkanir á frystum fiski í samræmi við EFTA-fyrirkomulagið, endurskoðun á löndunarsamningnum Íslendingum í hag og samvinna í markaðsmálumyfirleitt. Tóku þeir þó fram, að í því efni yrðu þeir að ráðgast við brezka útgerðarmenn áður en lengra yrði farið, enda hefði t.d. núgildandi löndunarsamningur verið gerður milli útgerðarmanna landanna.

#### 4. Samningstímabil.

Frá upphafi miðuðu Bretar við 5 ára tímabilið, þ.e. helming af tímabilinu, sem umsamið var við Noreg. Sú hugmynd kom þó upp af þeirra hálfu, að e.t.v. væri ekki útilokað að þeir gætu sett sig við 3 ára tímabilið, þannig að þeir stunduðu þá veiðar allt að 6 mílum frá núverandi grunnlínum og að engar takmarkaðir yrðu gerðar utan 12 mílna svæðisins. Af Íslands hálfu var því haldið fram, að enga afstöðu væri hægt að taka til tímalengdar fyrr en vitað væri um efni samkomulagsins að öðru leyti, en að sjálfsögðu vildu Íslendingar hafa gildis-tímamann sem stytztan, ef til komi. Var í því sambandi einnig rætt um þá hugmynd, að veiðar Breta á 6-12 mílna svæðinu yrðu takmarkaðar smám saman, þannig að fyrst mundi miðað við 6 mílur, síðan 8, 10 og loks 12 að samningstímanum loknum.

#### 5. Fyrirkomulag að samningstímanum liðnum.

Bretar lögðu í öllum viðræðunum höfuðáherzlu á, að nauðsynlegt væri fyrir þá að fá einhvers konar tryggingu fyrir því, að þeir þyrftu ekki að eiga á hættu að sama teg-streitan hæfist enn á ný milli Íslendinga og Breta að samnings-tímabilinu loknu. Vitað væri, að Íslendingar vildu miða yfirráð sín við landgrunnid, en Bretar gætu ekki horft fram á það, að slíkar ráðstafanir yrðu gerðar einhliða. Yrði það því að vera fastmælum bundið, að frekari útfærsla fiskveiðilögsögunnar yrði að byggjast annaðhvort á tvíhliða samningi við þá eða alþjóðasamningi, sem kynni að verða gerður á vegum Sameinuðu þjóðanna. Íslenska nefndin skýrði fyrir sitt leyti frá þeim annmörkum, sem væru á því af Íslands hálfu að gefa nokkrar skuldbindingar í þessu efni varðandi framtíðina. Yrði þá m.a. að hafa í huga, að Bretar hefðu á sínum tíma talið 4 mílna mörkin fjarstæðu, þó þeir vildu <sup>nú</sup>setta sig við 6 mílur hvar sem væri og 12 mílur að tilteknum tíma liðnum. Öll væru þessi mál í þróun og Íslendingar vildu fyrir sitt leyti ekki setja neinar skorður við henni.

III.

Heildarniðurstaða viðræðanna.

Enda þótt Bretar hefðu í upphafi miðað sína afstöðu við, að brezkum fiskiskipum yrðu heimilaðar veiðar á 6-12 mílna svæðinu við Ísland (miðað við nágildandi grunnlínur) í 5 ár, að utan 12 mílna markanna kæmu engar takmarkanir til greina nema þær, sem fólust í reglum um tilhögun veiðanna, sem samið hefði verið um við Noreg, og að Bretar fyrir sitt leyti myndu einungis láta í té viðskiptaþvilnanir, varð ljóst undir lok viðræðanna, að þeir gætu einnig hugsað sér eftirfarandi leiðir, og væri þá miðað við, að lögsagan yrði ekki færð út einhliða að samningstímanum liðnum:

- A. Miðað væri við nágildandi grunnlínur og Bretum heimilaðar veiðar á tilteknum svæðum allt að 6 mílum á tilteknum tímum til 3 ára, og að efnahagssamvinnu landanna yrði breytt Íslendingum í hæð.
- B. Að Bretar stunduðu veiðar í 5 ár á vissum svæðum milli 6 og 12 mílna á tilteknum tímabilum, en á móti kæmu 1-2 mjög takörkuð svæði fyrir utan 12 mílurnar ásamt efnahagssamvinnu.
- C. Í lok viðræðanna kváðust Bretar geta hugsað sér lausan málsins þannig:
  1. Í 1. grein væntanlega samkomulags mundu Bretar lýsa því yfir, að þeir hreyfðu ekki mótmælum við 12 mílna fiskveiðilögsögu Íslands og væri þá þeirri seginreglu slegið fastri.
  2. Tekið yrði fram, að Íslendingar féllust á, að Bretar stunduðu veiðar á tilteknum tímabilum og svæðum milli 6 og 12 mílna næstu 5 ár eða þann tíma, sem samkomulag næðist um. Væri þá við það miðað, að Íslendingar féllust á þetta millibilsástand til þess að auðvelda Bretum að aðlaga sig þessum grundvallarbreytingum og einnig hefðu hliðsjón af öðrum atriðum, sem Bretar mundu fallast á í samkomulaginu og Íslendingum væri þá *veri þagur af.*

3. Til greina kemur, að Bretar settu sig við endurskoðun á grunnlínunum, enda væri talið að það væri gert í samræmi við 4. grein Genfarsamningsins frá 1958. Hefðu þeir þá í huga grunnlínubreytingar yfir Húnaflóa, sunnan Langaness og yfir Selvegabanka að einhverju leyti.
4. Samvinna yrði um efnahagsmál, þ.e. endurskoðun á löndunarsamningnum í þágu Íslendinga, tollalækkun á frystum fiski, samvinna í markaðsmálum o.s.frv.
5. Til greina gæti komið að semja um takmarkanir á veiðum Breta á 1-2 þröngt afmörkuðum svæðum utan 12 mílnanna, ef það væri ófrávíkjanlegt skilyrði af hálfu Íslendinga.
6. Ákveðið væri, að útførsla fiskveiðilögsögunnar að samningstímabilinu liðnu yrði ekki framkvæmd einhliða.

Sú ákvörðun var tekin hinn 10. október, að fresta frekari viðræðum að sinni til þess að ríkisstjórnir beggja landanna gætu athugað málið nánar og þá ráðgert, að áframhaldandi viðræður yrðu í Reykjavík þegar þeirri athugun væri lokið.

Reykjavík, 12. október 1960.